



ÍSL2F05

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Nökkvi Jarl Bjarnason

Netfang/netföng:

Nokkvi.bjarnason@borgo.is

Lýsing:

Viðfangsefni áfangans eru lestur, ritun, heimildavinna og tjáning. Lesin er ein íslensk nútímaskáldsaga eða ævisaga, auk smásagna og greina í fjölmiðlum.

Í ritun er farið í uppsetningu verkefna, efnisgreinar, greinamerkjasetningu, stafsetningu, byggingu og málnotkun. Lögð er áhersla á að nemendur nýti hjálpargögn, svo sem orðabækur og stafsetningarforrit. Skrifuð eru ýmis stutt verkefni, bæði hagnýt og tengd lestri bókmennta. Sem dæmi um hagnýt verkefni má nefna skýrslur og athuganir. Einnig er farið í reglur um meðferð heimilda og skrifuð stutt heimildaritgerð í skrefum í tengslum við félagsleg málvísindi.

Í tjáningu er farið í flutning verkefna og aðferðir við fundarstjórn og hópvinnu.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- skáldsögu (eða ævisögu) og smásögum.
- greinum í fjölmiðlum um ýmis efni.
- uppsetningu og frágangi verkefna.
- reglum um meðferð heimilda.
- byggingu ritsmíða.
- hugtökum sem tengjast málnotkun, svo sem orðatökum, ritmáli o.fl.
- hugtökum sem tengjast félagslegum málvísindum, svo sem mállýskum, máltöku barna, málanámi og talgöllum.
- aðferðum við fundarstjórn og hópvinnu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og túlka skáldverk.
- ræða og æfa málnotkun og nýta sér hjálpartæki.
- skrifa ýmis stutt verkefni.
- skrifa heimildaritgerð í skrefum.
- ræða og vinna með mannlegt mál, mállýskur, máltöku, málanám, talgalla og fleira sem tilheyrir félagslegum málvísindum.
- kynna verkefni fyrir samnemendum.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
lesa skáldskap og greinar sér til fróðleiks og yndisauka.

- vinna með heimildir á viðurkenndan hátt.
- skrifa góðan texta og ástunda vönduð vinnubrögð, varðandi uppsetningu og frágang.
- eiga í umræðum um tungumál almennt, sérkenni íslensks máls og stöðu, mállýskur, máltöku barna og fleira tengt félagslegum málvísindum.
- skipuleggja og taka þátt í fundum og hópvinnu.

Námsmat:

Málnotkun 20%
Smásögur 20%
Kjörbók 20%
Félagsleg málvísindi 20%
Ritun 20%

Námsgögn:

Randafluga, úrval smásagna og ljóða. Útgefandi: Forlagið.
Málnotkun – ljósrit frá kennara.
Kjörbók, upplýsingar frá kennara.
Tungutak, félagsleg málvísindi. Útgefandi: Forlagið.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af.
- Ef nemandi missir af prófi eða verkefni vegna veikinda eða leyfis skal hann ræða úrlausn í næstu kennslustund sem hann mætir í. - Símar skulu eingöngu notaðir í verkefnavinnu undir stjórn kennara.
- Gerist nemandi uppvís að því að afrita texta án þess að geta heimilda með viðeigandi hætti telst verkefnið ógilt.
- Verkefni sem unnin eru að meira eða minna leyti með aðstoð gervigreindar eru ekki metin til einkunnar og að jafnaði er ekki leyft að vinna þau á ný

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5. jan.	Dreifnámslota – Málnotkun	
2	8. - 12. jan.	Smásögur – Undirbúningur	
3	15. - 19. jan.	Smásögur (Randafluga), og ritun	
4	22. - 26. jan.	Smásögur (Gifting), málnotkun (bls. 4-8) og ritun	
5	29. jan. - 2. feb.	Smásögur (Fossbúinn), málnotkun (bls. 9-12) og ritun	
6	5. - 9. feb.	Smásögur (Prófill), málnotkun (bls. 13-16) og ritun	Skóhlífadagar Undirb./úrv.
7	12. - 16. feb.	Smásögur (Hulda og Vera), málnotkun (bls. 17-21) og ritun	Vörðuvika I
8	19. - 23. feb.	Smásögur (Evelyn hatar nafnið sitt), málnotkun (bls. 22-28) og dagbók/skýrsla um skjólstæðing	Vorhlé mánudag og þriðjudag.
9	26. feb. – 1. mars.	Dreifnámslota – Próf úr málnotkun og smásögum	
10	4. - 8. mars	Kjörbókarviðtöl og ritun	
11	11. - 15. mars.	Kjörbókarviðtöl og ritun	
12	18. - 22. mars	Kjörbókarviðtöl og ritun	Undirb./úrv. Vörðuvika II.
13	25. mars - 1. apr.	PÁSKALEYFI	
14	2. – 5. apr.	Félagsleg málvísindi	
15	8. – 12. apr.	Félagsleg málvísindi	
16	15. - 19. apr.	Félagsleg málvísindi	
17	22. – 26. apr.	Félagsleg málvísindi	Sumardagurinn fyrsti
18	29. apr. – 3. maí	Dreifnámslota – Kynningar og próf úr félagslegum málvísindum	Dagur verkalýðsins
19	6. – 10. maí	Uppsóp	Uppstigning.dagur
20	13.-17. maí	Uppsóp	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.